

Flateyri, 09.09.2020.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 - Ísafjörður

Efni: Afnot af Svarta pakkhúsinu, Flateyri.

Við undirritaðar erum eigendur félagsins *Hús og fólk* en markmið félagsins er að stuðla að menningartengdri ferðaþjónustu á Flateyri/Önundarfirði. Lista yfir helstu verkefni á vegum félagsins er að finna á fskj. 21.

Í öðru meðfylgjandi fylgiskjali (fskj. 2) er yfirlit yfir sögu Svarta pakkhússins á Flateyri, sem er elsta húsbyggingin á Flateyri sem varðveist hefur, og yfirlit yfir framkvæmdir við það á síðustu árum.

Í yfirlitinu kemur fram m.a. hver aðkoma félagsins *Hús og fólk* hefur verið, u.þ.b. frá árinu 2007 og þar áður afskipti okkar tveggja sem stjórnarmanna í stjórn *Minjasjóðs Önundarfjarðar*.

Við höfum nýverið séð þá umfjöllun í fjölmiðlum, að á borði bæjarráðs liggja beiðni um afnot af húsinu til allt annarrar starfsemi (snjóflóðaseturs) og að sú hugmynd hafi fengið góðar undirtektir bæjarráðs.

Við höfum ekki gert ráð fyrir öðru en að ljúka fyrirhugaðri sýningu um harðfisk og skreið í Svarta pakkhúsinu og hún sett upp þegar fjármagn er tryggt og viðgerðum á húsinu er lokið. Við höfum talið að ábendingar okkar varðandi mikilvægi þess að varðveita húsið hafi fallið í góðan jarðveg og gerð sýningarinnar um harðfisk og skreið í þessu gamla fiskgeymsluhúsi hafi allt frá hinu fyrsta verið unnin með vitund og vilja Ísafjarðarbæjar og tilskildar heimildir verið veittar. Við höfum frá árinu 2012 greitt rafmagnsreikninga hússins og getum ekki séð í hverju misskilningur varðandi aðstöðu okkar til sýningarhalds í Svarta pakkhúsinu gæti verið fölginn.

Gott væri að fá sem allra fyrst upplýsingar um þetta mál.

Með vinsemd,

Félagið *Hús og fólk* Flateyri

Kt 711007-0830


Jóhanna G. Kristjánsdóttir


Guðrún Pálsdóttir



Verkefni sem félagið *Hús og fólk* á Flateyri hefur unnið að og fengið styrki til að framkvæma á síðustu árum¹:

- Ritið *Aldarfar og örnefni* í Önundarfirði eftir Óskar Einarsson tölvuskráð að fengnu leyfi réttthafa.
- Stutt upplýsandi heimildamynd um snjóflóðið 1995 gerð af Lýð Árnasyni með efni sem keypt var af RÚV og Stöð 2.
- Sextán söguskilti víðs vegar um Flateyri sett upp. Hægt að hlusta á sögur er tengjast hverju söguskilti á mp3 spilurum en nú er unnið að því að koma efninu í sérstakt smáforrit sem unnt verður að kalla fram í snjallsímum og spjaldtölvum og þar verða einnig myndir og upplýsingar 30-40 bæi og staði í Önundarfirði .
- Sýning í *Svarta pakkhúsinu*, elstu húsbyggingunni Flateyri, um sögu skreiðar- og harðfiskverkunar á Íslandi.
- Húsakönnun (1. hluti) gerð með styrk frá Húsafriðunarnefnd.
- Samantekt um þjónustu á sviði ferðamála og miðlun fræðandi efnis (2006-2014). Þátttaka í námskeiði og ráðstefnum um ferðalmál, m.a. klasaverkefni.
- Ljósmyndir teknar af öllum húsum á Flateyri, bæði sumar- og vetrarmyndir. Unnið er að söfunum upplýsingar um íbúa og starfsemi sem fram hefur farið í þorpínu.
- Verkefnið *Þorp verður til* þar sem efni í bréfum, rituðum þegar þorpið Flateyri var að myndast, er uppistaðan í ritröð. Efnið bréfanna er m.a. notað til að skoða þróun nokkurra mikilvægra mála frá ritun bréfanna fram til dagsins í dag.
- Ýmis samstarfsverkefni, m.a. málþingið *Vestfirska vorið* í maí 2017.

¹ Styrkir meðal annars frá Menningarráði Vestfjarða, AVS- sjóði sjávarútvegsráðuneytisins, Uppbyggingarsjóði Vestfjarða og Húsafriðunarsjóði